

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS



Nefndarsvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 138/2198
komudagur 12.5.2010

Reykjavík, 10. maí 2010
EBG/--

Efni. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002 með síðari breytingum á 138. lögjafarþingi, þskj. 902 – 515. mál
Tilv. 2010050028

Frumvarpið barst Bændasamtökum Íslands til umsagnar með bréfi frá nefndasviði Alþingis, dags. 6. maí 2010.

Bændasamtök Íslands leggjast gegn því að frumvarpið verði samþykkt í núverandi mynd en með því er lagt til að úrvinnslugjald á heyrúlluplast verði hækkað úr 3 kr/kg. í 5 kr/kg., eða um 67%. Heyrúlluplast hækkaði sl. ár um 36% til bænda. Hækkunin hefur óhjákvæmilega bein áhrif á rekstrargrundvöll búrekstrar bænda og kemur sérlega illa við þá en stéttin þarf síst á að halda hækkunum á álögum nú. Aðfangaverð hefur hækkað mikið að undanfögnu sem hefur gjörbreytt rekstrarforsendum þeirra til hins verra.

Virðingarfyllst

f.þ. Bændasamtaka Íslands

Elías Blöndal Guðjónsson
lögfræðingur

Nefndasvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P /38/2358
komudagur 18.5.2010

Reykjavík, 17. maí 2010


Umsögn Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa um frumvarp til laga um úrvinnslugjald, 515. mál

Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa vísar til tölvubréfs umhverfisnefndar Alþingis dags. 6. maí 2010 þar sem félaginu er fengið til umsagnar frumvarp til laga um úrvinnslugjald (hækkun gjalds), 515. mál.

Almenn umsögn

Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst.



Svava Svanborg Steinarsdóttir,
formaður

Erindi nr. P 138/2305
komudagur 17.5.2010

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, umhverfisnefnd
Hildur Eva Sigurðardóttir
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. maí 2010 02-2010050237
G-ums 03/10


Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum - 515. mál.


Ríkisskattstjóri hefur þann 6. maí 2010 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar til hækkunar á fjárhæð úrvinnslugjalds á olíumálningu, blýsýrurafgeymum, pappa- og pappírsumbúðum, plastumbúðum, heyrúlluplasti, ísócyanötum, leysiefnum og halógeneruðum efnasamböndum. Fram kemur að hækkunin sé til að draga úr sjóðshalla sem myndast hefur í þessum efnisflokkum.

Ríkisskattstjóri telur ekki tilefni til að gera athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt


Skúli Eggert Þorðarson


Guðrún J. Jónsdóttir

Nefndasvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík


Reykjavík, 14. maí 2010

Efni: Umsögn um tillögu frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum, 515. mál.


Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins styðja að þær breytingar sem ofangreint frumvarp felur í sér, nái fram að ganga.

Í frumvarpinu er lagt til að úrvinnslugjald á nokkra vöruflokka hækki. Úrvinnslusjóður er rekinn á þann hátt að greiðslur fyrir hvern vöruflokk skulu standa undir kostnaði við endurvinnslu vörunnar. Sjóðurinn er því deildarskiptur, greiðslum fyrir hvern vöruflokk er haldið aðskildum og stefnt er að því að halda jafnvægi í álagningu og útgjöldum. Í upphafi var nokkur sjóðsmyndun í einstaka vöruflokkum, en aðrir hafa verið með jafnari rekstur. Á síðustu tveimur árum hefur gengið á sjóðinn vegna aðstæðna á markaði. Það er í samræmi við rekstrarfyrirkomulag sjóðsins að stilla gjaldið af miðað við stöðu einstakra sjóða.

Virðingarfyllst,



Pétur Reimarsson,
Samtök atvinnulífsins



Bryndís Skúladóttir,
Samtök iðnaðarins



SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi

Erindi nr. P 138/2411

komudagur 18.5.2010

Selfossi, 18. maí 2010

0811001SA ÞH

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn SASS um frumvarp til laga um úrvinnslugjald, 515. mál


Á fundi stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga var tekið fyrir erindi frá umhverfisnefnd Alþingis, dags. 6. maí 2010, þar sem óskað var umsagnar um frumvarp til laga um úrvinnslugjald 515. mál.

Eftirfarandi umsögn var samþykkt:

„Stjórn SASS leggst gegn efni frumvarpsins sem felur í sér að umsagnarfrestir verði lengdir og bendir á mikilvægi þess að stjórnsýslan sé skilvirk en um leið vönduð. Eðlilegra væri að greina ástæður þess að stjórnsýslan ræður ekki við núverandi tímamörk og ráða síðan bót á þeim vanda.“

Umsögninni er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,
f.h. SASS


Þorvarður Hjaltason
framkvæmdastjóri



TOLLSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. P 138/2174
komudagur 11.5.2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 10. maí 2010.

Málefni: *Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum. Þingskjal 902 - 515. mál. Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009 – 2010.*

Tollstjóri hefur mótttekið erindi Umhverfisnefndar Alþingis, sent með tölvupósti 6. maí sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum, 515. mál.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á töxtum í einstökum gjaldflokkum sem fyrir hendi eru auk þess sem tollskrárnúmerum sem taka úrvinnslugjald er fjölgað. Markmiðið með þessum hækkunum er samkvæmt athugasemdum með frumvarpinu að draga úr sjóðshalla sem átt hefur sér stað í þessum uppgjörsflokkum.

Tollstjóri hefur engar sérstakar athugasemdir við ofangreint frumvarp.

Virðingarfyllst,
f.h. tollstjóra

Sigurður Skúli Bergsson
aðstoðartollstjóri

Alþingi
Erindi nr. P 138/2445
komudagur 19. S. 2010

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN


Reykjavík, 18. maí 2010
Tilvísun: UST20100500045/þek

Umsögn um frumvarp til laga um úrvinnslugjald (hækkun gjalds), 515. mál

Með tölvubréfi, dags. 6. maí 2010, sendi Umhverfisnefnd Alþingis Umhverfisstofnun til umsagnar frumvarp til laga um úrvinnslugjald (hækkun gjalds), 515. mál.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt


Sigrún Agústsdóttir